

**Nr. 024 / 16 Pristur GK 30****Strandar á Lönguskerjum**

Skipaskr.nr. 6003  
Smíðaður: Mótun 1979, plast  
Stærð: 3,71 bt  
Mesta lengd: 7,43 m Skráð lengd: 7,33 m  
Breidd: 2,23 m Dýpt: 0,70 m  
Vél: BUKH 15 kw, árg. 1978  
Fjöldi skipverja: 1



Pristur©NN

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi þann 16. september 2016 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 21. apríl 2016 var Pristur GK 30 á Faxaflóa. Veður: SVS 2 m/sek.

Vegfarandi tilkynnti Vaktstöð siglinga (VSS) um mannlausan strandaðan bát á Lönguskerjum. Haft var samband við eiganda hans og fram kom hjá honum að fjarað hefði undan bátnum þegar hann var á hrognkelsaveiðum. Hann skildi bátinn eftir og lét sækja sig en ætlaði að sækja hann þegar flæddi að.

**Við rannsókn kom fram:**

- að haffærisskírteini féll úr gildi árið 1999;
- að fram kom hjá eiganda að báturinn hefði lengst af staðið á landi og væri síðan einungis notaður til styttri skemmtiferða út fyrir höfnina;
- að skipverjinn var ekki til í lögskráningarkerfi Samgöngustofu.

**Nefndarálit:**

Orsök atviksins er aðgæsluleysi og vanhæfni skipverjans sem ekki hafði tilskilin réttindi til að sigla bátnum.

Nefndi bendir einnig á að báturinn hafi ekki átt að vera á sjó þar sem hann var ekki með haffæri.